



Upplýsingar
frá
skrifstofu forseta Íslands

**ORÐUVEITING Á BESSASTÖÐUM
OG
MÓTTAKA FYRIR ERLENDA SENDIHERRA**

Laugardaginn 17. júní kl. 14:30 mun forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson sæma nokkra Íslendinga riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu. Fjölmiðlum er heimiluð myndataka við lok athafnarinnar þegar orðuhafar hafa tekið við orðunni. Áætluð myndataka yrði því um kl. 14:50.

Einnig munu forsetahjónin taka á móti erlendum sendiherrum sem staddir eru hér á landi í tilefni af þjóðhátíðardegi Íslendinga. Móttakan hefst kl 16:00. Ljósmyndurum er heimilt að vera við upphaf móttökunnar.

Ljósmyndurum er góðfúslega bent á að um hátíðlegar athafnir er að ræða og taka tillit til þess í klæðaburði.

16. júní 2006